

## 508. stjórnarfundur Kölku

508. fundur stjórnar Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. haldinn mánudaginn 11. október 2019 kl. 16:30 í fundarsal Kölku að Berghólabraut 7 í Reykjanesbæ.

Mætt eru: Önunur Jónasson, Laufey Erlendsdóttir, Inga Rut Hlöðversdóttir, Páll Orri Pálsson, Ásrún Helga Kristinsdóttir og Steinþór Þórðarson framkvæmdastjóri.

Önunur Jónasson formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

### Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra fyrir október.
2. Breytingar á opnunartíma og þjónustustigi í Helguvík
3. Erindi frá Terra um vanreiknaðar vísitöluhækkningar o.fl.
4. Umsókn um yfirdráttarheimild
5. Stefnuáherslur 2019 - yfirferð stefnu og aðkallandi verkefna, fyrsta yfirferð – forgangsmál á fyrri hluta árs 2020
6. Önnur mál

#### 1. Skýrsla framkvæmdastjóra fyrir október

Steinþór Þórðarson framkvæmdastjóri fór stuttlega yfir starfsemi félagsins sl. mánuð fyrir stjórn.

#### 2. Breytingar á opnunartíma og þjónustustigi í Helguvík

Framkvæmdastjóri hefur kannað ýmsa möguleika við breytingu á opnunartíma og auknu þjónustustigi og kynnti þær hugmyndir fyrir stjórn. Umræður sköpuðust um hugmyndirnar og framkvæmdastjóra falið að vinna verkefnið áfram. Stefnt er að endanlegar tillögur um breytingar liggi fyrir á næsta fundi.

IRH  
LAK  
PeP  
CE

### 3. Erindi frá Terra um vanreiknaðar vísitöluhækkunar o.fl.

Framkvæmdastjóri hefur óskað eftir formlegu erindi frá Terra um málið.

### 4. Umsókn um yfirdráttarheimild

Stjórn samþykkti umsókn um endurnýjun á yfirdráttarheimild, samhljóða.

### 5. Stefnuáherslur 2019 – yfirferð stefnu og aðkallandi verkefna, fyrsta yfirferð – forgangsmál á fyrri hluta árs 2020

Stjórnarformaður fór yfir núverandi umhverfisstefnu Köllu og kynnti fyrir stjórn hugmyndir um forgangsmál fyrirtækisins fyrir árið 2020. Farið var yfir verkefnalista stjórnar fyrir næsta ár og kom stjórn sér saman um eftirfarandi verkefni;

Að leggja áherslu á að skoða frekari flokkun heimilanna, uppsetningu grenndarstöðva, frekari flokkun á móttökuplani, kynningarmál, nýtingu orkuvinnslu á brennslustöð og nýtingu timburs.

### 6. Önnur mál

1. Næsti stjórnarfundur er áætlaður 10. desember 2019.


Fleira ekki gert, fundi slitið. 19:00.


  
Öundur Jónasson

  
Ásrún Helga Kristinsdóttir

  
Laufey Erlendsdóttir

  
Páll Orri Pálsson

  
Inga Rut Hlökkversdóttir

  
Steinþór Þórðarson